


48

Af himnum ofan boðskap ber



1. Af himn - um of - an boð - skap ber oss, börn - um jarð - ar, engl - a - her.
 2. Í dag er heim - i frels - i fætt er fær vor mein og harm - a bætt,
 3. Og oss til merk - is er það sagt: Í aum - um reif - um finn - um lagt
 4. Því gleðj - umst all - ir, góð - ir menn, og göng - um þang - að all - ir senn



- Vér fögn - um þeirr - i fregn í trú, af fögn - uð hjart - ans syngj - um nú.
 það barn - ið þekkj - um bless - að vér, vor bróð - ir Jes - ús Krist - ur er.
 það barn í jötu' er hef - ur heim í hend - i sér og ljóss - ins geim.
 þá jól - a - gjöf, Guðs son, að sjá er sauð - a hirð - ar gleðj - ast hjá.

5. Æ, velkominn oss vertu þá
 er vorar syndir tókst þig á.
 Oss, Jesú, kenn að þakka þér
 að þínir bræður urðum vér.

6. Ó, Guð sem ráð á öllu átt,
 hví ertu kominn hér svo lágt,
 í tötrum lagður hart á hey
 sem hefðir dýrri bústað ei?

7. Þótt veröld öll sé víð og löng
 sú vaggan er þér samt of þröng
 og þín ei verð þótt væri' hún full
 af vegsemd þeirri' er skín sem gull.

8. Svo hefur, Drottinn, þóknast þér
 og þá vilt speki kenna mér
 að heimsins auð og allt hans glys
 þú eigi virðir meira' en fis.

9. Því bú til vöggu' í brjósti mér,
 minn besti Jesú, handa þér.
 Í hjarta mínu hafðu dvöl
 svo haldi' eg þér í gleði' og kvöl.

10. Af hjarta' og tungu heilög dýrð
 sé Herrans Jesú föður skýrð.
 Heyr barna þinna bæn og þökk
 og brjóstin, Guð, sjá glöð og klökk.